



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. júní 2009
Tilvísun: 2009060004
Bréfalykill: 50.11

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu, 38. mál og 54. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 2. júní 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu. Nánar tiltekið 38. mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu, og 54. mál, undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindra tillagna og gerir eftirfarandi athugasemdir.


Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál, segir m.a. að víðtækt samráð verði haft við hagsmunaaðila um samningsmarkmið fyrir viðræðurnar á ýmsum sviðum, svo sem sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamála, á sviði almannaþjónustu, umhverfis- og jafnréttismála og gjaldmiðilsmála, og leitast við að ná sem breiðastri samstöðu um umræðugrundvöll viðræðnanna. Þá segir síðar í greinargerðinni að meðal grundvallarhagsmuna Íslands er að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra. Telur Orkustofnun að til að ná fram því markmiði að gæta grundvallarhagsmuna Íslands um að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfum þeirra beri að tryggja samráð við hagsmunaaðila sem og fagaðila á því sviði en hins vegar er hvergi í greinargerðinni getið um slíkt samráð við þá aðila, sbr. framangreind upptalning. Að mati Orkustofnunar er tilvísun til hagsmunaaðila á sviði umhverfismála ekki það víðtæk að slíkt taki einnig til hagsmunaaðila á sviði orku- og auðlindamála. Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál.

Í 1. tölul 1. mgr. tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, 54. mál, segir að utanríkismálanefnd beri að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið án þess þó að tilgreina nánar hverjir þessir hagsmunir eru. Í greinargerð segir hins vegar að með tillögunni er lagt til að utanríkismálanefnd verði falið það hlutverk að tryggja að meginhagsmunir Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið hafi fengið fullnægjandi faglega umfjöllun áður en ákvörðun um aðildarumsókn er tekin. Þá segir í greinargerðinni að enn eigi eftir að vinna þó nokkra undirbúningsvinnu áður en aðildarumsókn yrði lögð fram. Er lagt til að í niðurstöðum utanríkismálanefndar skuli huga sérstaklega að fullveldi þjóðarinnar, sjávarútvegshagsmunum, m.a. réttindum innan fiskveiðilögsögu og hlutdeildar í flökkustofnum ásamt áhrifum á fiskveiðistjórnun. Jafnframt skal huga að fæðuöryggi þjóðarinnar og sérstöðu íslensks landbúnaðar, stöðu íslenskrar þjóðmenningar og þjóðtungu og einhliða úrsagnarrétti þjóðarinnar úr Evrópusambandinu. Þá verði fjallað um gerð stöðuleikasamnings við Evrópska seðlabankann til að tryggja stöðugt gengi krónunnar.

Orkustofnun telur að við framangreinda vinnu beri að auki að gera sérstaka grein fyrir mikilvægi orku- og auðlindamála. Telur stofnunin að orku- og auðlindamál séu það mikilvægur þáttur í íslensku þjóðfélagi að nauðsynlegt sé að taka fullt tillit til þeirra hagsmuna við undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Við slíka vinnu verði einnig að tryggja samráð við hagsmunaaðila og fagnar Orkustofnun því að í greinargerðinni sé lagt til slíkt samráð. Þá telur Orkustofnun að í viðræðunefnd Íslands við Evrópusambandið, sem í greinargerðinni er lagt til að komið verði á fót, verði tryggt aðkoma, eða samráð, við hagsmunaaðila sem og fagaðila á sviði orku- og auðlindamála.

Í 2. tölul. 1. mgr. tillögunnar er lagt til að utanríkismálanefnd vinni vegvísi að mögulegri aðildarumsókn sem taki til umfjöllunar öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna og hvernig að þeim skuli staðið, auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings. Orkustofnun telur að við slíka undirbúningsvinnu verði að taka fullt tillit til sérstöðu Íslands varðandi orku- og auðlindamál. Ítrekar Orkustofnun að Ísland er á margan hátt frábrugðin öðrum ríkjum Evrópusambandsins hvað varðar þau mál og má nefna sem dæmi að landið er einangrað og ótengt öðrum raforkukerfum auk þess sem hér er á landi er hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun einstakt í samanburði við ríki Evrópusambandsins. Þá hefur Ísland fengið sérstöðu sína viðurkennda á þessu sviði með undanþágum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Má nefna sem dæmi tilskipanir um orkunýtni bygginga, gasmarkað, lífoldsneyti og samvinnslu hita og rafmagns svo dæmi séu tekin. Þá var Íslandi einnig veitt heimild til undanþágu frá einstökum ákvæðum tilskipunar um innri raforkumarkað. Telur Orkustofnun mikilvægt að við undirbúning að mögulegri umsókn um aðild að Evrópusambandinu, sem og við hugsanlegar aðildarviðræður, sé gætt að þessari sérstöðu Íslands og þeim undanþágum sem Ísland hefur nú þegar verið veitt frá löggjöf Evrópusambandsins í gengum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, 54. mál.

Orkustofnun ítrekar almennt mikilvægi þess að við undirbúning aðildarumsóknar að Evrópusambandinu sé tryggt að gætt verði hagsmuna Íslands hvað varðar orku- og auðlindamál og gætt verði að samráði við fagaðila sem og hagsmunaaðila. Orkustofnun veur einnig athygli utanríkismálanefndar á lögbundið hlutverk stofnunarinnar, sem er m.a. samkvæmt sérlögum um stofnunina, að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál. Auk sérþekkingar á orku- og auðlindamálum hefur safnast hjá Orkustofnun þekking á sviði löggjafar Evrópusambandsins um orku- og auðlindamál. Í ljósi þessa er Orkustofnun reiðubúin til að veita ráðgjöf hvað varðar framangreind málefni verði þess óskað.


Lárus Ólafsson
lögfræðingur